

**64. þing Sundsambands Íslands**  
**ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNI Í LAUGARDAL**  
**1. júní 2021**

**Þingskjal nr: 2021 - 10**

**64. þing Sundsambands Íslands haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 1. júní 2021**

Staðfestir meðfylgjandi Stefnu SSÍ og Afreksstefnu SSÍ. Jafnframt felur sundþing stjórn SSÍ að uppfæra og viðhalda bæði Stefnu og Afreksstefnu í samræmi við aðrar samþykktir sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegum breytingum sem verða á umhverfi sundíþróttá á Íslandi vegna árangurs sem næst. Það liggur fyrir að yfirmaður landsliðsmála Eyleifur Jóhannesson er með tillögur sem tengjast reglugerðum SSÍ og afreksstefnu SSÍ sem kynntar voru á þinginu. Hluti þessara tillagna voru kynntar á þinginu og eru:

- Aldursflokkar og íslensk met
- Aldursflokkameistaramót Íslands
- Sumarmeistaramót Íslands

Sundþing samþykkir að þessari vinnu verði haldið áfram og felur stjórn SSÍ að samþykkja endanlega útgáfu þessara tillagna, enda munu þær vinnast með lykilfólki innan sundhreyfingarinnar og fá ítarlega kynningu fyrir stjórn SSÍ, þjálfurum- og formönnum félaga innan SSÍ.

**Greinargerð:**

Stefna og Afreksstefna SSÍ hafa verið til umfjöllunar á öllum þingum SSÍ frá árinu 2000. Skjalið hefur tekið miklum breytingum í árána rás, einfaldast og inn hafa komið áherslur tengdar öðrum sundíþróttum en keppnissundi.

Í aðdraganda 64. Sundþings var hreyfingunni gefinn kostur á að senda inn athugasemdir og tillögur um hvað gæti farið betur í Stefnu SSÍ. Yfirmaður landsliðsmála er með þessi mál í stöðugri endurskoðun í takt við breytingar á sundíþróttinni á heimsvísu. Það má búast við því að afreksstefnan taki miklum breytingum á næstu misserum í takt við breytta tíma en þær breytingar verða allar gerðar í nánu samráði við sundhreyfinguna og séð til þess að öll sjónarmið fái að koma fram. Afreksstefnan er lifandi skjal og getur tekið breytingum enda er hún metnaðarfull og uppfyllir hún skilyrði ÍSÍ og Afrekssjóðs ÍSÍ um slík mál.

Afrekssjóður ÍSÍ er okkur mjög mikilvægur, þar sem hann hefur verið grunnurinn að því að við höfum getað haldið utan um afreksstarfið. Eftir miklar breytingar á Afrekssjóði, sem eru yfirstandandi kom í ljós hvað við vorum heppin í sundhreyfingunni að eiga þróað Afreksstefnu sem nýttist okkur annars vegar vel við gerð umsókna í sjóðinn og ekki síður til að vinna úr þeim fjármunum sem við fengum. SSÍ er í hópi A sambanda og um leið gerðar ákveðnar kröfur um umgjörð í kringum afreksstarfið. En um leið og við þurfum áfram að halda vel utan um afreksstjarfið, þá liggur fyrir að við þurfum að styðja við og taka frumkvæði í uppbyggingu sundfélaga og deilda úti um land, við þurfum að efla starf okkar meðal skólabarna, það þarf að undirbyggja aldurshópa betur til þess að úr verði afreksfólk og okkur er nauðsyn á að koma fræðslu út til aðstandenda sundfólksins okkar, hvort sem við erum að tala um foreldra, stjórnarfolk félaga, dómara eða þjálfara. Við þurfum að standa undir nafni og hugsa vel um aðrar sundíþróttir s.s. garpasund, víðavatnssund og sundknattleik, þetta eru að hluta til „fullorðinsíþróttir“ og munu skila okkur góðu umtali, sjálfbóðaliðum og jafnvel fjármunum þó á óbeinan hátt sé.